

Góðir fundarmenn!

Hér hafa verið gefnar greinargóðar upplýsingar um stöðuna í atvinnulífinu og í yfirstandandi kjaraviðræðum og vil ég þakka fyrir það.

Ég vil nota tímann minn hér til að ræða stöðuna í þeirri grein sem ég starfa við – málmiðnaðinum. Starfssvið málmiðnaðarins nær yfir breitt svið allt frá viðhalds- og viðgerðarþjónustu, nýsmíði ásamt hönnun og framleiðslu á ýmsum búnaði. Þjónustan nær til flestra atvinnugreina. Útgerða og fiskvinnslu, stóriðjuvera, virkjana, opinberra aðila, stærri og smærri fyrirtækja í flestum greinum og einstaklinga.

Málm- og véltækniðnaðurinn hefur staðið nokkuð vel undanfarið hvað varðar verkefnastöðu þrátt fyrir kreppuna og alvarlegar afleiðingar hennar.

Þó eru blikur á lofti vegna þess að fyrirtæki í sjávarútvegi hafa haldið að sér höndum undanfarið með meiri háttar viðgerðar- og viðhaldsverkefni. Þegar hriktir í einni af grunnstöðum atvinnulífsins vegna óvissu um rekstargrundvöll þá hefur það áhrif langt út fyrir þá grein. Við hjá málmiðnaðinum höfum ekki farið varhluta af því frekar en önnur fyrirtæki sem veita viðkomandi atvinnugrein þjónustu. Það er grundvallarkrafa hverrar atvinnugreinar að hún viti í hvaða rekstrarumhverfi hún á að starfa til lengri tíma. Mikilvægt er að sem best og breiðust sátt náist um auðlindastefnu Íslendinga.

Ýmsar fínna smíðagreinar innan okkar geira hafa flestar haft næg verkefni og er stór hluti þeirra til útflutnings. Nægir þar að nefna hönnun og smíði fyrir matvælavinnslu, fyrir heilbrigðistæknina og svo ýmiskonar tækninýjungar fyrir álver um víða veröld. Önnur viðgerðar- og viðhaldsverkefni hafa verið á bærilegu róli en þar eru viðskiptavinir greinarinnar öll stærri iðjuver hér á landi, virkjanir og önnur atvinnutæki sem krefjast viðhaldsþjónustu. Þessi þáttur í starfi málmiðnaðarins hefur aukist mjög mikið undanfarið ekki síst vegna þess að stóriðjufyrirtækin hafa útvistað stórum hluta viðgerðar- og viðhaldsþjónustunnar.

Hafin er vinna við stækkun álversins í Straumsvík en að öðru leyti ríkir – eins og kunnugt er - veruleg óvissa um hvað er framundan um frekari uppbyggingu í stóriðju. Gangi áætlanir í þeim efnum eftir og tilsvarendi orkuframkvæmdir sjái loks dagsins ljós mun það aftur hafa mikil og jákvæð áhrif á málmgreinina enda hafa okkar fyrirtæki komið þar mikið við sögu í gegnum tíðina.

Það eru einnig blikur á lofti vegna kjaramála. Nauðsynlegt er fyrir atvinnulífið að standa þétt saman við þá stefnumörkun að ná skynsamlegum kjarasamningum. Verðbólgan er lág nú um stundir en skjótt geta veður skipast í lofti. Ég man alltof vel þá tíð að kjarasamningar voru gerðir til skamms tíma með tugprósenta launahækkunum og í kjölfarið fylgdi tugaprósenta verðbólga. Það er sú mynd sem menn verða að hafa í huga þegar tekist er á við sérhópa sem telja sig vera í betri stöðu fyrir sig eina.

Í árslok voru 14.000 manns atvinnulausir og við erum að missa vel menntað fólk úr landi. Eitt stærsta verkefnið í okkar grein er að fjölga því fólki sem menntar sig á sviði mál- og véltækni því verulegur skortur er á starfsfólki með slíka menntun. Á tímum sem þessum eigum við að leggja grunn að þeirri menntun sem íslenskt atvinnulífið kallar á í nánustu framtíð, það verður að forgangsraða á niðurskurðartímum en auka verður við þá menntun sem fyrirsjáanlega er vöntun á. Stjórnir Málm- og skipaiðnaði og Félag blikksmiðjueigenda líta á það sem eitt af sínum brýnustu verkefnum að stuðla að fjölgun þeirra sem fara í iðnnám í þessum greinum. Átak er nú í undirbúningi til að auka áhuga ungs fólks að fara iðnnámsleiðina þegar grunnskóla sleppir. Það verkefni er unnið í góðri samvinnu við Samtök iðnaðarins og ættu landsmenn að verða varir við það með hækkandi sól.

Þess má geta að hér í húsinu er nýhafin ráðstefna á vegum Samtaka iðnaðarins – Menntadagur iðnaðarins 2011, sem fjallar um nýsköpun í menntun og menntun í nýsköpun. Ég hvet fundarmenn til að líta þar við eftir að þessum fundi líkur.

Að lokum þetta. Það er sérstaklega tvennt sem við sem störfum í málmiðnaðinum teljum að þurfi að færast til betri vegar ef okkur á að takast að nýta þá miklu möguleika sem framtíðin ber í skauti sér. Í fyrsta lagi stöðugt starfsumhverfi og í öðru lagi fleira starfsfólk með iðn- og tæknimenntun.

Það eru tækifæri í málmiðnaði fyrir aukna atvinnu og enn meiri útflutning. Ég veit að það mun ekki standa á fyrirtækjum í þeirri grein að leggja sitt að mörkum til að við getum unnið okkur út úr kreppunni.

TAKK FYRIR

Ávarp á opnum fundi SA um ATVINNULEÐINA, Grand Hótel Reykjavík 9. febrúar 2011.

Bolli Árnason, framkvæmdastjóri GT Tækni ehf.